



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið



SÓLBORG

2023 – 2024



**Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:**

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



# Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans.....	4
1. Greinargerð leikskólastjóra.....	5
3 Innra mat deilda.....	13
<b>3.1 Innra mat Birkistofu</b> .....	13
<b>3.2 Innra mat Furustofu</b> .....	16
<b>3.3 Innra mat Víðistofu</b> .....	19
<b>3.4 Innra mat Reynistofu</b> .....	22
4. Innra mat táknmálstúlks.....	25
5. Innra mat sérkennslu.....	27
6. Innra mat – fjöltyngd börn .....	31
7. Innra mat kennslustjóra íslenska táknmálsins.....	33
8. Starfspróunarsamtöl og fræðsla.....	34
9. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva .....	37
10. Foreldrasamvinna .....	38
11. Skipulagsdagar og leikskóladagatal.....	39
12. Fylgigögn .....	39
<b>a. Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs</b> .....	39



# Leiðarljós leikskólans

Leikskólinn Sólborg er staðsettur við Vesturhlíð 1. Leikskólinn tók til starfa vorið 1994. Í leikskólanum eru 4 kennslustofur sem heita Birkistofa, Furustofa, Víðistofa og Reynistofa. Reynistofa er staðsett í færanlegri kennslustofu í húsi sem nefnt er Skógarhús.

Í Sólborg felst sérhæfing í að mæta þörfum heyrnarskertra og heyrnarlausra barna. Þessi sérhæfing hefur áhrif á allt starf leikskólans og fá öll börnin í Sólborg tækifæri á að kynnast máli og menningu heyrnarlausra. Sólborg sinnir ráðgjöf varðandi heyrnarskert börn í almennum leikskólum á landsvísu. Ráðgjöfin fer fram á viðkomandi leikskóla barns á höfuðborgarsvæðinu og í gegnum fjarfundabúnað fyrir landsbyggðina. Markmið ráðgjafarinnar er að veita leikskólastarfsfólki handleiðslu um umhverfi barnanna, áhersluþætti í námi og kennslu og hlutdeild barnsins í leikskólastarfinu.

Öll börn og starfsfólk fá nafnatákn þegar þau byrja í Sólborg og eru táknmyndir settar á hólfi barnanna með mynd og rituðu nafni. Börnin læra nafnatákn hvers annars svo og tákn fyrir ýmislegt í umhverfinu. Íslenskt táknmál er víða sýnilegt í leikskólanum, t.d. á veggspjöldum, leikfangahirslum og fleira.

Markmið hvað varðar íslenskt táknmál eru að:

- *börn sem hafa íslenskt táknmál að móðurmáli njóti sömu málörvunar og börn sem eru með íslensku að móðurmáli.*
- *öll börnin virði og geri sér grein fyrir að íslenskt táknmál er móðurmál heyrnarlausra á Íslandi.*
- *börnin kynnist og beri virðingu fyrir máli og menningarheimum hvers annars.*
- *heyrnarlausir foreldrar geti átt dagleg samskipti við starfsfólk á sínu máli.*

Allt starfsfólk Sólborgar fer á táknmálsnámskeið og kynnist þannig máli og menningarheimi heyrnarlausra.

Leikskólinn Sólborg vinnur eftir heildtækri skólastefnu, eins og aðrir leikskólar Reykjavíkurborgar. Sá grundvöllur var lagður fram með Salamanca-yfirlýsingunni árið 1994. Sérkennsla í leikskólum byggir á lögum um leikskóla frá 1. október 2008, aðalnámskrá leikskóla frá 2011, sem og stefnu Reykjavíkurborgar í menntamálum. Börn, sem vegna fötlunar, tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika þurfa sérstaka aðstoð og þjálfun, eiga rétt á henni í leikskólanum undir handleiðslu sérfræðinga.


Í Sólborg er unnið samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla og Menntastefnu Reykjavíkurborgar þar sem lögð er áhersla á skapandi starf í gegnum leik og daglegar athafnir. Börn þroskast í gegnum samskipti við umhverfið og náttúruna sem þarf að vera hvetjandi til sköpunar og vera krefjandi og gleðiríkt. Leikurinn er sköpun í sjálfu sér og mikilvægt er að börn hafi aðgang að skapandi efnivið og fái rými og



tíma til að leika og læra hvert af öðru. Leikurinn er bæði markmið og leið í uppeldisstarfi, þar sem hann eflir alhliða þroska barnsins. Við leggjum áherslu á að leikurinn fari fram bæði úti og inni. Í leiknum notar barnið ímyndunaraflíð, lærir m.a. að setja sig í spor annarra, taka tillit til annarra og tjá tilfinningar og upplifanir. Mikilvægt er að hafa í huga að sköpun og leikur eiga að veita gleði og ánægju og að upplifunin er mikilvægust í því samhengi og stuðlar að auknum þroska og leikni í öllum skilningi.

*Gildi og einkunnarorð Sólborgar eru eftirfarandi:*

- 1. Virðing: Að stuðla að jafnrétti, gildi og virðingu einstaklingsins.*
- 2. Samvinna: Að þróa leikskólastarf byggt á eiginleikum starfsmannahópsins.*
- 3. Leikni: Að börnin fá tíma, rými og opinn efnivið til þess að stunda leikskólanám*



## 1. Greinargerð leikskólastjóra

Leikskólinn Sólborg hefur unnið að því að endurnýja búnað og bæta starfsaðstæður barna og starfsmanna síðustu ár með markvissum hætti og því hefur ekki þurft að fara í þá vinnu þar sem hún er langt komin. Sú stefna mín að vinna markvisst að því að bæta starfsaðstæður hefur skilað sér í lágri starfsmannaveltu og lægri veikindaprósentu. Í skólanum eru sautján kennarar, tveir þroskaþjálfar, einn táknmálstúlkur, átta starfsmenn með aðra háskólamenntun s.s. uppeldis- og menntunarfræði, táknmálfræði, tónlist, listfræði o.fl. Tveir starfsmenn hafa lokið námi frá Borgarholtsskóla og í dag starfa fimm döff starfsmenn í Sólborg sem er styrkur fyrir íslenska táknmálið.

Á miðjum vetri þurfti að fara í framkvæmdir í Skógarhúsi þar sem leki var út frá vatnslögn inn á stofu. Í framhaldinu var skipt um gólfefni á annarri stofunni og skipt út eldhúsinnréttingu og stofan máluð. Þetta voru góðar endurbætur fyrir stofuna og í framhaldinu var ákveðið að stofan myndi borða í matsalnum í aðalbyggingu og var það góð ákvörðun. Aftur á móti var annað húsið af tveimur í Skógarhúsi verr farið og þurfti að skipta út gólfi í herbergi sem við köllum táknmálsrými og fer þar fram kennsla og leikur á táknmáli. Þrátt fyrir að það væri stórt verkefni gekk það hratt fyrir sig og er því komið nýtt gólf í það rými. Í vetur fraus í lögnum í Skógarhúsinu og tók ákveðinn tíma að leysa það mál þar sem leiðslan var frosin út að bílaplani og á meðan var skert þjónusta á þeirri stofu sem þar er

staðsett. Í aðalbyggingu fraus í lögn fyrir ofan forstofuna og þurfti í framhaldinu að skipta um lagnir og einangra til að girða fyrir að það frys aftur. Það verkefni er búið að taka lengri tíma en við var búist en er á lokametrinum núna og hefur ekki truflað starfið.

Í lok ágúst var gerð úttekt á táknmálsumhverfi skólans og voru það tveir starfsmenn frá Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra sem sáu um hana. Skólinn óskaði eftir slíkri úttekt í kjölfarið á stjórnsýslukæru foreldra á hendur skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar varðandi námsumhverfi á táknmáli í Sólborg. Á starfsdegi í október var hópavinna þar sem rýnt var í niðurstöður úttektarinnar og í framhaldinu var farið í vinnu til að gera táknmálið sýnilegra og bæta táknmálsumhverfið, t.d. var útbúið táknafráfarir í Skógarhúsi þar sem börn geta leikið og lært á táknmáli og engin íslenska er í umhverfinu.

Á starfsdegi í febrúar var farið yfir viðhorfskönnun starfsmanna Reykjavíkurborgar og unnið með það sem við vildum gera enn betur. Starfsfólki var skipt í hópa og komu þeir með tillögur að því sem betur mætti fara en jafnframt var því haldið á lofti sem vel er gert. Í hugarflugi hópanna kom margt fram en það sem bar hæst var ósk um aukna samvinnu eins og t.d. teymisvinnu ýmiskonar, markvissari nýliðafræðslu, meira samtal og samstarf. Farið var í hugmyndavinnu í tengslum við þetta og var horft til margra þátta í þeirri vinnu. Fyrsta stigið var að setja af stað Hringekju sem þær þrjár stofur skólans sem staðsettar eru í aðalbyggingu tóku þátt í (elstu börnin voru í öðrum verkefnum). Hringekjan gekk út á að nýta rými skólans enn betur, samvinnu starfsmanna þvert á stofur og blöndun barnahópsins. Börnin fóru í hópum á milli sex stöðva, á tveggja vikna tímabili hverju sinni, sem voru íslenska, tónlist, hreyfing, útikennsla, táknafræðsla og myndlist. Starfsmenn og barnahópurinn voru ánægð með þetta nýja fyrirkomulag og er hugmynd okkar að hringekjan þróist út í daglegt val frá og með næsta hausti. Starfsfólk finnur aukna starfsánægju að geta starfað með starfsmönnum frá öðrum stofum og á sínu áhugasviði. Allir starfsmenn hafa komið að því að vinna að hringekjunni og meta hana.

Teymisvinna er einnig liður í aukinni samvinnu þvert á stofur og fagmenntun starfsfólks skólans. Í haust er ætlunin að koma á samráðsteymum sem ræða sín á milli um skipulag, aðferðafræði og áætlanir varðandi t.d. börn af erlendum uppruna og um lýðræði og fjölbreytileika svo eitthvað sé nefnt. Horft verður til að gera nýliðafræðslu markvissari með áhersluna á aukna samvinnu að leiðarljósi til að tryggja það að nýtt starfsfólk upplifi sig velkomið á nýjan vinnustað en ekki síst til að fræða það um aðferðafræði starfsins, reglur, hefðir og menningu. Með því að taka á móti nýju starfsfólki með uppbyggjandi hætti fræðslu og þekkingar gerum við það hæfara til að takast á við allar þær áskoranir sem fylgja starfinu og að trúna og treysta á sjálf sig við vinnuna. Enn fremur þykir okkur mikilvægt, í samhengi við áhersluna á aukna samvinnu og að horfa á okkur sem einn skóla, að skoða



mætingu barna í skólanum og hvar við getum aukið samvinnu til að minnka álagið og nýta rýmið. Eitt af því sem kom í ljós er að ekki er nauðsynlegt að hafa svefnhvíld inni á tveimur stofum og teppa þannig hálfu stofu í 2 tíma á dag. Svefnhvíldin hefur því verið á einni stofu eftir áramótin. Sömuleiðis er ekki nauðsynlegt að opna allar stofur kl. 8.00 og opnum við því 3 stofur kl. 8.00 en eina stofu kl. 8.30.

Skipulagsdagar/starfsdagar eru 6 í leikskólanum og að lágmarki 3 þeirra sameiginlegir með grunnskólanum. Í upphafi skólaársins teljum við vera nauðsynlegt að gera skil á milli skólaársins sem er að taka enda þ.e. elstu börnin hættu, og nýja skólaársins sem er að hefjast með aðlögun nýrra barna. Áður tíðkaðist það að börn voru að koma í aðlögun þó að skólinn væri alls ekki tilbúinn, hvorki hvað varðaði mönnun, aðbúnað eða þótt elstu börnin væru ennþá í skólanum. Við viljum draga skil þar sem elstu börnin hverfa á braut í grunnskólann og hafa þá starfsdag þar sem hægt er að undirbúa nýtt skólaár með nýju upphafi þar sem allt er til reiðu og vel sé tekið á móti nýjum nemendum.

## Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023

### Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Deildastjórafundir 1x í viku og deildastjórar skipti með sér ábyrgð á seinniparti þegar stjórnendum fækkar.	Samráðsfundir eins og deildarfundir, deildastjórafundir og starfsdagar.	Allt starfsfólk og stjórnendur.	Deildastjórar undirbúa sig í auknum mæli í skólanum og eru þá til staðar fram yfir álagstíma. Sérkennslustjóri kemur 2x í mánuði á fundi og heldur því áfram.



<p>Hálfir skipulagsdagar þ.e. fræðsla f.h. og hópefli eftir hádegi á ábyrgð starfsmanna félagsins vegna þess að erfitt er að sitja og horfa á táknmálstúlk allan daginn.</p>	<p>Samráðsfundur eins og deildarfundir, deildastjórafundir og starfsdagar.</p>	<p>Stjórnendur.</p>	<p>Kemur vel út að hafa fræðslu hálfan daginn og hópefli eða hópavinnu tengda starfinu eftir hádegi.</p>
<p>Mikill undirbúningstími vegna fjölda fagmanna sem erfitt að koma fyrir án þess að það komi niður á starfi með börnunum.</p>	<p>Samráðsfundur eins og deildarfundir, deildastjórafundir og starfsdagar.</p>	<p>Deildarstjórar.</p>	<p>Vel gekk að raða niður undirbúningstímum og hafði það ekki áhrif á starfið með börnunum.</p>
<p>Teymisvinna (þróunarverkefni): Nýliðafundur, táknmálsteymi, teymi um leik og skapandi starf, læsi- og tvítýngisteymi.</p>	<p>Samráðsfundur eins og deildarfundir, deildastjórafundir og starfsdagar.</p>	<p>Allt starfsfólk og stjórnendur.</p>	<p>Nýliðafundur voru haldnir í nokkur skipti eða þar til leikskólastjóri þáverandi vék frá. Táknmálsteymi hefur fundað eftir þörfum. Hin tvö teymin hafa ekki litið dagsins ljós enda töluðu deildastjórar gegn því þar sem það þótti ekki tímabært vegna anna við önnur verkefni.</p>





Starfsþróunarsamtöl skipt á milli leikskólastjóra og deildarstjóra. Leikskólastjóri ræði við starfsfólk að hausti (valfrjálst) og deildarstjórar ræði við starfsfólk að vori, ítarlegra viðtal sem skilað er til leikskólastjóra.	Samráðsfundur eins og deildarfundir, deildastjórafundir og starfsdagar.	Allt starfsfólk og stjórnendur.	Starfsþróunarsamtöl ættu að vera á milli starfsmanna og leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra eða verkefnastjóra. Þegar starfsmenn vilja ræða óheflað um starfsþróun og starf á núverandi deild er betra að tala við annan stjórnanda en deildarstjóra vegna náinna tengsla.  Óþarfi að vera með starfsviðtöl að hausti.
Upp með hendur! Aukin sýnileiki ÍTM.	Samráðsfundur eins og deildarfundir, deildastjórafundir og starfsdagar.	Allt starfsfólk og stjórnendur.	Táknmálið hefur verið sýnilegt í vetur. Halda áfram með táknmálsnámskeiðin. Ráðning kennslustjóra táknmálsins hefur styrkt táknmálið til muna.
Tilraunaverkefnið að hætta með borðsíma.	Samráðsfundur eins og deildarfundir, deildastjórafundir og starfsdagar.	Allt starfsfólk og stjórnendur.	Markmiði náð og árangur sýnilegur.

**Styrkleikar:** Öflugur faghópur, öflugir stjórnendur og öflugt starfsfólk. Margir sem tala táknmál. Vilji til að eflast og gera betur.

**Tækifæri til umbóta:**

- Bæta upplýsingaflæði og auka á samvinnu og samtal milli deilda og svæða innan leikskólans.
- Í ágúst þegar elstu börnin hafa kvatt leikskólann og starfsfólk er komið til baka úr sumarleyfum er mikilvægt að hafa skipulagsdag áður en aðlaganir hefjast til að skipuleggja nýtt skólaár.



- Nauðsynlegt að taka upp teymisvinnu næsta skólaár þar sem það gekk ekki eftir á síðasta ári en nú hafa forsendur breyst og tækifærin eru til staðar.

### Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Stjórnun	Skoðanakönnun	Starfsmenn	4,21
Starfsandi	Skoðanakönnun	Starfsmenn	3,94
Launakjör	Skoðanakönnun	Starfsmenn	3,03
Vinnuskilyrði	Skoðanakönnun	Starfsmenn	4,06
Sveigjanleiki vinnu	Skoðanakönnun	Starfsmenn	4,51
Ímynd	Skoðanakönnun	Starfsmenn	4,10
Sjálfstæði í starfi	Skoðanakönnun	Starfsmenn	4,10
Ánægja og stolt	Skoðanakönnun	Starfsmenn	3,96
Jafnrétti	Skoðanakönnun	Starfsmenn	4,11

Heildarmat: 4,02 af 5 mögulegum.

Styrkleikar samkvæmt könnuninni eru:



- Hljóðvistin góð í skólanum
- Sveigjanleiki vinnu er góður
- Starfsfólk á auðvelt með að samræma vinnu og einkalíf
- Starfsfólki líður vel með samskipti við næsta yfirmann

**Tækifæri til umbóta samkvæmt könnuninni eru:**

- Berjast áfram fyrir betri kjörum.
- Bæta starfsandann með opnum og hispurslausum samskiptum.
- Vinna að því að fá loftræstikerfi í Skógarhús.

**Umbótaáætlun leikskólans 2023-2024**

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>Stjórnun</b>						
Nýliðafræðsla	Gera hana markvisari.	Með markvissari nýliðafræðslu er áherslan á að taka á móti nýju starfsfólki með handleiðslu og fræðslu. Mikilvægt að leggja áherslu á þagnareyð og að starfsfólk lesi vel í gegnum starfsmannahandbók og geti leitað til ákveðins aðila með handleiðslu.	Haust 2023	Vor2024	Samráð á deildastjórafundum með handleiðsluaðilum.	Öflugt og meðvitað starfsfólk.



Skipulagsdagur í upphafi skólaárs	Að starfsfólk og umhverfi sé tilbúið að takast á við skólasterfið.	Hafa skipulagsdag í kjölfar þess að elstu börnin hverfa á braut og áður en aðlögun hefst.	Haust 2023	Hsust2023	Samráð og endurmat á deildarstjórafundum og starfsdögum.	Betri skóli
<b>Uppeldis- og menntastarf</b>						
Þróunarverkefni um opið dagskipulag með áherslu á frjálsa leikinn og aukna samvinnu og samveru starfsfólks og barna	Samstarf þvert á deildir, börn og starfsfólk.	Frjáls leikur inn á öllum stofum ásamt listaskála með mismunandi áherslur og leikefni sem börnin velja eftir ákveðnu valkerfi inni á sinni heimastofu.	Haust 2023	Vor2024	Endurmetið í hópavinnu á starfsdögum.	Aukin samvinna og lifandi skóli.
Teymisvinna	Fagumræða og samstarf kennara og starfsfólks.	Táknmálsteymi, Regnbogateymi, Teymi vegna barna af erlendum uppruna, Samráðsteymi sérkennslu og Samráðsteymi deildastjóra. Lausnateymi.	Haust2023	Vor2024	Hvert teymi endurmetur vinnuna eftir skólaárið.	Aukin fagvitund og samvinna.



Mannauður / Leikskólabragur						
Táknmálið sýnilegt	Allir geti tjáð sig á táknmáli í skólanum.	Halda áfram með táknmálsnámskeið	Haust 2023	Vor2024	Kennslustjóri táknmáls ásamt táknmálsteym í halda utan um innra mat.	Hvetjandi táknmálsumhverfi í skólanum.
Innra mat						
Valdefling starfsfólks	Hugarfar starfsfólks til starfsins. Ábyrgð og elja.	Auka kröfur á starfsfólkið og efla ábyrgð með því að setja þeim ákveðin verkefni sem það á að leysa og standa skil á.	Haust2023	Vor2024	Á samráðsfundum og starfsviðtölum.	Sterkara og sjálfstæðara starfsfólk.

**Styrkleikar:** Samtakamáttur um að eflast og þróast, auka samvinnu og nýta styrkleika starfsmannahópsins.

**Tækifæri til umbóta:** Samvinna milli stofa í hvíld og leshvíld. Börn sem sofa hvílast á einni stofu. Börn sem þurfa krefjandi lestur séu saman í hvíld og þau sem þurfa einfaldari lestur séu saman í hvíld þó það sé ekki endilega þeirra heimastofa.

## 2 Innra mat deilda

### 2.1 Innra mat Birkistofu

Veturinn 2022-2023 á Birkistofu vorum við með 14 börn og 10 börn byrjuðu í aðlögun í ágúst og september 2022. Aldursbilið í barnahópnum voru 17 mánuðir, elsta barn fætt í desember 2019 og yngsta barnið maí 2021. Kynjaskipting í hópnum var nokkuð jöfn, 8 strákar og 6 stelpur. 6 kennarar fylgdu hópnum allan veturinn.



Börnin leika í fámennum hópum þar sem kennarar eru alltaf til staðar með þeim á gólfinu til að skapa nánd og traust milli kennara og barna og innan barnahópsins. Við leggjum áherslu á vináttuna og samskiptin í hópnum, lærum að skiptast á og vinna saman. Börnin læra almennar umgengis- og samskiptareglur sem gilda í samfélagi manna t.d. að virða rétt annarra, standa á sínu, komast að samkomulagi, sýna biðlund, hemja skap sitt, hlusta, tjá sig, biðja um aðstoð og ganga vel um umhverfið inni sem úti. Daglega syngjum við saman, lesum sögur og spjöllum um það sem er í gangi hverju sinni. Hvert tækifæri er notað til að auka orðaforðann, t.d. í fataklefa og við matarborðið.

1. Þátttökuaðlögun gekk vel, það skapast góð tengsl milli starfsfólks og foreldra, og einnig í foreldrahópnum. Það er gott að kynnast foreldrum vel á þessu tímabili, og þau sjá líka hvernig við vinnum og sjá að okkur er treystandi sem er mjög mikilvægt. Að gera sjálfur er í heiðri haft á Birkistofu. Börnin reyna að klæða sig, þau borða sjálf, koma sér á milli staða sjálf, fara uppá stóla og niður af stólum, og þau prófa sig áfram í samskiptum. Kennarar eru samt alltaf nálægir og grípa inni þegar þarf. Þetta hefur gengið mjög vel hjá okkur, og flest börnin óhrædd við að reyna sjálf.
2. Málörvun er gegnumgangandi, börnin eru böðuð í máli allan daginn og við pössum að setja orð á alla hluti og athafnir. Við höfum markvisst skoðað myndasafn sem við eigum, og talað um notagildi hluta. Svo lesum við bækur og þar bætist smátt og smátt við erfiðleikastigið, og svo syngjum við líka mikið. Við erum í ýmsum verkefnum t.d. könnunarleik, hlutverkaleik, lesum, syngjum, spjöllum, erum í myndlist, leikfimi. Öll börnin fara út fyrir hádegi og eftir kaffitíma á hverjum degi og markmið útiverunnar er fyrst og fremst hreyfingin auk þess að fá tækifæri til að kynnast nánasta umhverfi sínu og náttúrunni.
3. Táknmál: það gekk vel, við pössum að setja orð á hluti og athafnir, skoðuðum myndir sem við eigum og einfaldar sögur á táknmáli. Öll börn hafa fengið nafnatákn, þau hafa lært mörg önnur tákn. Gott að hafa inni á deildinni táknmálstalandi (döff) starfsfólk.

### Umbótaáætlun 2023-2024

UMBÓTAÞÁTTU R/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur



<p>Aðlögun nýs barnahóps í hvetjandi umhverfi sem hæfir aldri þeirra.</p>	<p>Að börnin verði örugg, glöð og taki framförum við leik og störf.</p>	<p>Þetta verður framkvæmt með þátttökuaðlögun þar sem starfsfólk er til staðar og unnið er í litlum hópum.</p>	<p>Kennarar</p>	<p>Ágúst 2023</p>	<p>Október 2024</p>	<p>Umræður á deildarfundi haust 2023</p>	<p>Börnin finnur sér öruggt og ánægt.  Börnin skapa traust.</p>
<p>Unnið sé eftir námskrá Sólborgar þar sem við leggjum m.a. áherslu á félags- mál- og hreyfi þroska.</p>	<p>Að börnin læri að umgangast hvert annað og umhverfið af virðingu og læri að leika sér saman með mismunandi efnivið.</p>	<p>Við skiptum hópnum upp í litla hópa, þannig að ró og friður sé til leiks og starfa. Við leggjum áherslu á að kennarar séu nálægir í leik, þannig að þau finni fyrir nánd okkar.  Við leggjum áherslu á vináttuna og samskiptin í hópnum, lærum að skiptast á og vinna saman.</p>	<p>Kennarar</p>	<p>Haut 2023</p>	<p>Vor 2024</p>	<p>Umræður á deildarfundi í janúar og maí 2024</p>	<p>Börnin finnur sér öruggt og ánægt  Að þróa þátttöku barna í leik og samvinnu</p>
<p>Leggja áherslu á læsi stefnu.</p>	<p>Að börnin safni orðaforða, geti tjáð sig, læri söngtexta og leikræna tjáningu.</p>	<p>Þetta verður gert daglega með lestri, söng, samtölum og með því að leika saman, nota málörvunarefnið „Lubbi finnur málbein“.</p>	<p>Kennarar</p>	<p>Haut 2023</p>	<p>Vor 2024</p>	<p>Umræður á deildarfundi í janúar og maí 2024</p>	<p>Virk og glöð börn í góðum samskipti á milli sín</p>



Táknmál	Leggja áherslu á að öll börn á deildinni geti skilið einföld grunntákn.	Samvinna við döff starfsmann ef hann starfar ekki á deildinni: samverustundir / leikstundir/ hópastarf á vegum heyrnarlausa	Kennarar	Haus t 2023	Vor 2024	Umræður á deildarfundi í janúar og maí 2024	Börn auka orðaforða í táknmáli

#### Tækifæri til umbóta:

- 1x í mánuði (á deildarfundi) undirbúa áætlun fyrir komandi mánuð (velja þema, lag, listaverk o.s.frv.)
- auka sjálfstæði barnanna í forstofunni
- bjóða foreldrum oftar í leikstundir

## 2.2 Innra mat Furustofu

Haustið 2022 voru 16 börn á Furustofu, 5 börn sem voru hjá okkur veturinn áður og 11 börn sem komu af öðrum stofum. Eftir áramót fengum við svo 17. barnið á deildina.

Á deildinni voru flest barnanna fædd seinni hluta 2018 og fyrri hluta 2019, þannig að aldursbilið var ekki svo mikið. Fyrir áramót vorum við með svefnhvíld fyrir hluta barnanna, en eftir áramót voru allir hættir að sofa og því tvær lesstundir á hvíldartíma.

Þennan veturinn vorum við einstaklega vel mannaðar á Furustofu, með fagmenntað starfsfólk í flestum stöðum, leikskólakennara, 2 þroskaþjálfara, uppeldisfræðing og B.A. í táknmáli.

Á haustönn var ákveðið að hafa meiri blöndun milli deilda í vinnustundum milli kl. 9 og 10. Fyrir valinu urðu Íþróttir og Listaskáli, en áður höfðu deildirnar haft einn dag í viku fyrir hvora stund. Hluti barnanna gat þá valið hvort þau færu í Íþróttir eða Listaskála (svona 6-8 börn). Þetta gekk vel í fyrstu, flestir deildu sér nokkuð jafnt á svæðin. Þegar líða tók á önnina sáum við að þeir sem ekki voru mættir kl. 9:00 fóru mjög sjaldan á þessi svæði. Því var ákveðið að hætta með þetta kerfi. Eftir áramót erum við að prófa nýtt kerfi, Hringekju, þar sem börnunum er skipt niður í 6 hópa, þvert á stofur. Íslenska er





á Furustofu, tónlist á Birkistofu, táknmál á Víðistofu, útikennslu og íþróttir í sal. Endurmati á Hringekjunni verða gerð skil síðar. Kennarar Furustofu sakna þess sumir að hafa ekki fastan dag fyrir deildina í Listaskála. Við vorum duglegar að taka myndir af starfi barnanna, en skráningin gekk ekki eins og við höfðum ætlað okkur. Eitthvað til að laga næsta vetur. Breyting varð á því hvenær Furustofa borðaði hádegismatinn. Í stað þess að borða kl. 12.00 fórum við að borða kl. 11.30. Þetta var gert til að Reynistofa gæti borðað í aðal húsinu. Fyrir vikið varð útiveran fyrir hádegis styttri, en á móti fengum við lengri leikstund eftir hádegi.

Að öðru leyti gekk vel að halda öllu skipulagi gangandi, söngstundir og sögustundir voru daglega, Lubba-stundir einu sinni í viku, sem börnunum fannst mjög gaman. Þar var m.a. farið yfir textann í bókinni og lögin sungin. Táknmálsstundir voru vikulega, undir stjórn Gígju og var barnahópurinn alltaf spenntur fyrir þeim. Geta þeirra og færni hefur aukist jafnt og þétt.

Stytting vinnuvikunnar hefur gengið vel. Við gerðum breytingar á styttingunni í haust. Í stað þess að hafa einn stuttan dag í hverri viku (vinna 4 tíma og fara þá um hádegi) var farið út í það að vinna 7 stundir á dag, (rúllandi vaktir) og einn dag 8 stundir. Það varð til þess að auðveldara reyndist að manna seinni partinn. Fólk er almennt ánægt með þetta fyrirkomulag og finnst það ekki vera eins þreytt í lok vinnudags.

**Styrkleikar:** Einstaklega samheldinn og þægilegur barnahópur, skiptir miklu máli að hafa ekki fleiri börn á deildinni, þar sem rýmið er ekki mikið. Fagmenntað fólk er á deildinni, sem hefur sitt að segja.

**Tækifæri til umbóta:** Á deildinni var enginn sem notaði táknmál til tjáskipta. Táknmál var því lítið sýnilegt, nema í söngstundum, á myndrænan hátt uppi á vegg og í táknmálskennslunni hjá Gígju. Við þurfum að vera duglegri að vera „uppi með hendur“.

Við höfum einnig hug á að nota ljósmyndir af starfinu með börnunum sýnilegra, m.a. að prenta þær út og hengja upp á vegg.

**Leiðir til árangurs:** Minna hvert annað á að nota táknmálið og fá einhvern af deildinni til að halda utan um skráningarnar.

### Umbótaáætlun 2023-2024

UMBÓTAÞÁTTU R/	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur



MATSPÁTTUR							
Táknmál	Að halda áfram að bæta við kunnáttu í táknmáli	Halda áfram samsamstarfi við kennslustjóra ÍTM	Deildarstjóri og sérkennslustjóri	Haus t 2023	Vor 2024	Umræður á deildarfundi í jan. og maí 2024	Að börnin öðlist meiri orðaforða á táknmáli
Söngur í sal	Læra ný lög og hafa gaman	Tvískipta barnahópnum eftir aldri	Deildastjórar og verkefnastjóri	Haus t 2023	Vor 2024	Umræður á deildarfundi í jan. og maí 2023	Virk og ánægð börn
Sögu- og samverustundir	Að auka málþroska barnanna, m.a. orðaforða og tjáningu.	Að kennarar haldi áfram með innihaldsríkar sögu, söngstundir og Lubba-stundir	Kennarar	Haus t 2023	Vor 2024	Umræður á deildarfundi í jan. og maí 2024	Virk og ánægð börn
Málörvun tvítýngdra barna	Huga að kennslu tvítýngdra barna.	Málörvunarstundir tvítýngdra (Gefðu tíu)	Kennarar	Vor 2023	Haus t 2024	Umræður á deildarfundi í jan. og maí 2024	Virk og ánægð börn
Skráningar	Að gera starf barnanna sýnilegra	Taka myndir úr starfinu og hengja m.a. upp í forstofu	Kennarar	Vor 2023	Haus t 2024	Umræður á deildarfundi í jan. og maí 2024	Virk og ánægð börn



## 2.3 Innra mat Víðistofu

Á Víðistofu þetta skólaár voru 17 börn þar af voru 9 börn sem tengjast táknmálinu og þrjú börn af erlendum uppruna. Aldurssamsetning barnanna skiptist í 10 börn fædd 2019, 6 börn fædd 2020 og eitt barn fætt 2021. Starfsmannahópin skipuðu tveir kennarar þar af einn sem deildarstjóri, tveir döff starfsmenn þar af einn með kennaramenntun, þrír starfsmenn með aðra menntun og táknmálskunnáttu. Í febrúar urðu breytingar á starfsmannahópnum þar sem deildarstjórinn tók við verkefnastjórstöðu innan skólans og í hans stað tók nýr kennari við deildarstjórninni.

Tekið var í notkun táknmálsrými þar sem börn sem nýta sér táknmálið gátu farið og leikið á táknmáli og unnið hópaverkefni. Einnig var rýmið notað til hópavinnu á táknmáli fyrir öll börnin í skólanum. Táknmálstúlkur fékk vinnuáðstöðu í rýminu.

### Samvinna heyrandi og döff starfsfólks og innleiðing táknmáls í allt daglegt starf

Samvinna heyrandi og döff starfsfólks stofunnar gekk út á að kenna getubreiðum hópi barna á mismunandi aldri, heyrandi og döff. Börnunum var skipt í döff hóp og heyrandi hóp í hópastarfi og hvíld og sáu döff starfsmenn um döff stundir og táknmálstúlkur Sólborgar túlkaði heyrandi stundir. Allir starfsmenn fóru á táknmálsnámskeið í skólanum hjá kennslustjóra táknmálsins í Sólborg einu sinni í viku. Samvinna starfsfólks gekk vel, allir skiptust á skoðunum á vikulegum deildarfundum þar sem starfið með börnunum var rætt. Skiptar skoðanir voru uppi á ýmsum málum en ekkert sem ekki var hægt að ræða og leysa úr. Mikil áhersla var á að nota táknmálið í öllu daglegu starfi og hafa það sýnilegt í skólanum. Auðvitað má alltaf gera betur í táknmálinu þ.e. að æfa sig meira og nota það meira en eftir skólaárið hafa allir lært eitthvað nýtt og öðlast meiri færni og þá ekki síst þeir sem að standa höllum fæti hvað það varðar.

Allir voru sammála að jákvætt viðhorf væri á Víðistofu gagnvart táknmálinu og táknmál notað mikið af starfsfólkinu. Mikilvægt að allir sem vinna á Víðistofu séu táknmálstalandi svo að allt starfsfólk og döff börn geti átt samskipti. Allir sammála því að halda áfram þeirri vegferð sem starfsemin er á núna.

### Barnahópurinn

Áhersla var lögð á sjálfstæði, samvinnu, þrautseigju, einbeitingu og vinsemd með barnahópnum í öllu daglegu starfi. Unnið var að þessum áhersluþáttum í gegnum frjálsa leikinn með valkerfi, í gegnum hópastarf, útikennslu og útiveru og í samverustundum við matarborð og hvíldartíma.



Lögð var áhersla á sjálfstæð vinnubrögð í leik og starfi með börnunum í öllu daglegu starfi. Í matartímum var áherslan á að skammta sér sjálf og taka ábyrgð á því sem þau skömmtuðu sér. Einnig var unnið með að smakka matinn og borða hann þó maður „elski“ hann ekki en af því að maður þarf á næringunni að halda til að hafa orku til að hugsa og leika. Í frjálssa leiknum var áhersla á að bera ábyrgð á ákvarðanatökunni í valinu (valkerfi um leikinn þar sem börnin velja leikefni og svæði) og halda út í leiknum. Það reynir á þrautseigju og hugmyndaflug. Í samverustundum var áherslan á samræður um daginn og veginn þar sem hver sem vildi fékk að tjá sig og við hin að hlusta. Þar æfðu þau sig í framkomu, tillitssemi og vinsemd. Í útiveru og útikennslu var áherslan á að allt veður getur verið skemmtilegt ef maður ákveður það og mikilvægt er að taka eftir umhverfinu, náttúrunni og takast á við það. Börnin æfðu sig í að beina hugarfarinu í jákvæða átt og reyna á sig andlega og líkamlega. Í hópastarfi var áherslan á að leita að uppsprettu hugmynda og sköpunar úti í náttúrunni og vinna með það ýmist með handverki í listaskálanum eða hugverki í formi söngs, þula og vísna. Þar reyndi t.a.m. á samvinnu, sköpunarkraftinn og að leggja á minnið ný og gömul orð. Í hvíldinni var áherslan á að hvíla sig og slaka á. Unnið var með sögulestur, hlustun og samræður um efni sagnanna. Þar reyndi á að æfa sig í að róa sig niður og slaka á til að hvílast og geta um leið hlustað af athygli.

Barnahópurinn er góður og vinátta er sýnileg. Erum að vinna með „að bíða eftir að röðin komi að sér“. Einnig þarf að vinna í að grípa ekki fram í þegar einhver talar, komast að samkomulagi, sýna biðlund, hemja skap sitt, hlusta, tjá sig, biðja um aðstoð og ganga vel um t.d. með því að skila dótinu sínu og ganga frá eftir sig.

Í hópastarfinu eru breytilegir hópar svo að þar blandast börnin misjafnlega eftir dögum. Einnig eru breytilegir hópar við matarborðið og breytilegt hvar börnin sitja sem og í hvíldartíma. Börnin eru góð hvort við annað og virðast flest tengjast vel inn í hópinn. Nokkur þurfa aðstoð. Hópaskipting er gerð hverju sinni með tilliti til barnahópsins.

## Umbótaáætlun 2023-2024

UMBÓTARÁTTU R/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur



Valkerfi	Auka val um borðspil þar sem samvinna og einbeiting eru þjálfuð	Hafa fjölbreytt spil í boði	Deildastjóri og hópstjóri hvers vals	Maí 2023	Vor 2024	Skoðað er hvernig tekist hefur að þjálfa samvinnu og einbeitingu hjá hverjum einstakling	Hvers konar spil þau ráða við í byrjun og enda vetrar. Einnig hvort áhugi sé til staðar.
Félagsfærni	Taka upp SMT spjöldin og hengja þau upp í stofunni.  Lesi færnisögur og ræða þau vandamál sem þar koma upp.  Segja frá fyrir framan hópinn í samverustund	Til að leggja inn samskiptareglur eins og t.d. bíða eftir að röðin komi að sér, grípa ekki fram í þegar aðrir tala.  Þarf að útbúa fleiri færnisögur fyrir 4-6 ára aldurinn.  Tækifæri til að tala um hvað þau voru að gera/eru að fara að gera o.s.frv fyrir framan hópinn	Deildarstjóri og verkefnastjóri	Mars 2023	Vor 2024	Skema og/eða mælikvarði sem stuðst er við.  Aukið þor og vilji til að segja frá daglegu lífi sínu fyrir utan leikskólann	Öryggi í samskiptum og ánægð börn
Hvatning og hrós	Gefa hrós þegar börnin sína hvort öðru vináttu eða hlýju	Setja orð á það s.s. „mikið var fallett af þér að hjálpa Gunnu að ná í vettlingana sína“.	Deildarstjóri	Vor 2023	Vor 2024	Upplifun starfsfólks af jákvæðum samskiptum við börnin	Ánægð og sjálfsöryggi barnanna um eigið ágæti.



Táknmál og döffrými!!!	Halda áfram að gera ÍTM sýnilegt	Sjónrænt áreiti og fyrirmyndir starfsfólks að nota táknmál til samskipta	Kennslustjóri ÍTM og deildastjóri	Maí 2023	Vor 2024	ÍTM notkun barna og starfsfólk og umræður á deildarfundum	Samskipti barna á ÍTM og þekking þeirra á táknum.
------------------------	----------------------------------	--	-----------------------------------	----------	----------	---	---

**Styrkleikar:** Innleiðing táknmáls á góðri leið. Sýnileiki tákna á skúffum, veggspjöldum á góðri leið.

**Tækifæri til umbóta:**

- Það þarf enn að bæta sjónrænu hliðina s.s. að nafnspjöldin í vali sýni líka nafnatáknin. Einnig að halda áfram að merkja skúffur með táknum s.s kubba, legó, perlu osfrv.
- Ætlum að taka fram SMT spjöldin til að ræða það við börnin í samveru.
- Ætlum að gera val þar sem boðið er upp á að spila borðspil þar sem samvinna og einbeiting eru þjálfuð.

**2.4 Innra mat Reynistofu**

Á Reynistofu þetta skólaárið voru 23 börn sem öll eru í útskriftarhópi, 22 börn fædd 2017 og eitt barn fætt 2018. Á stofunni störfuðu 9 kennarar, sérkennslustjóri og túlkur sem kom alla daga á milli kl. 9:45 til 11:45. Af starfsmannahópnum var einn döff kennari.

Umsjón með útskriftarhópnum var samvinna 3 kennara, 1 döff kennara og túlks. Útskriftarhópnum var skipt í tvo hópa þar sem annar hópurinn vann að þematengdu útskriftarverkefni og hinn hópurinn vann með læsi og hljóðkerfisvitund. Samvinna kennara og barna hefur verið góð. Túlkurinn er nauðsynlegur í útskriftarverkefnin þar sem döff kennari sér að mestu um þematengd útskriftarverkefni.

Það hefur verið mikil áhersla á söngæfingar á deildinni vegna Barnamenningarhátíðar. Sú vinna er að mestu í höndum tónlistarkennara sem einnig sér um Þúsaldarljóðsæfingar ásaman döff kennara og túlk. Börnin hafa verið áhugasöm og jákvæð og fljót að tileinka sér lögin sem þau eru að læra.

Samvinna milli döff og heyrandi hefur gengið vel. Í byrjun var samstarfið svolítið laust í reipum en fór fljótlega að ganga mjög vel. Túlkur var takmarkað á deild en bæði börn og kennarar voru fljót að venjast breyttum aðstæðum og eru komin vel af stað og eru uppi með hendur og misskilningur fátíðari.

Í upphafi skólaársins var ákveðið að Sólborg myndi taka þátt í Barnamenningarhátíð í Reykjavík í annað sinn. Listrænn stjórnandi hátíðarinnar, Elfa Lilja Gísladóttir, vildi að þessu sinni heiðra Ragnhildi



Gísladóttur sem við þekkjum öll svo vel sem tónlistarkonu sem sett hefur svip sinn á íslenskt tónlistarlíf í gegnum tíðina. Elfa setti saman og lét útsetja metnaðarfulla dagskrá sem bar heitið „Við erum öll saman í þessu – lögin hennar Röggju Gísla“. Alls tóku rúmlega 30 leikskólar þátt sem og nemendur úr Tónskóla Sigursveins. Til að ná vel utan um verkefnið fór allur febrúar, mars og hálfur apríl í tónastundir og æfingar fyrir tónleikana og voru öll börnin á Reynistofu virkjuð. Guðný táknmálstúlkur þýddi viðlag í einu laganna yfir á táknmál sem öll börnin í öllum leikskólunum lærðu og þannig varð íslenska táknmálið sett á sviðið í Hörpu. Þann 18.apríl sýndu börnin svo afraksturinn á tónleikum í Eldborgarsal Hörpu. Þetta verkefni gekk frábærlega vel í alla staði og það voru sérlega glaðir krakkar fullir af sjálfstrausti sem gengu á sviðið og sýndu fyrir fullum sal af stoltum foreldrum, ömmum, öfum, systkinum ofl. Ég mæli hiklaust með að Sólborg skrái sig til leiks að ári!

### Umbótaáætlun 2023-2024

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
<b>Valkerfi</b>	Auka val um borðspil þar sem samvinna og einbeiting eru þjálfuð	Hafa fjölbreytt spil í boði	Deildastjóri og hópstjórar hvers vals.	Sept.20 23	apríl 2024	Skoðað er hvernig tekist hefur að þjálfva samvinnu og einbeitingu hjá hverjum einstakling.	Hvers konar spil þau ráða við í byrjun og enda vetrar. Einnig hvort áhugi sé til staðar.
<b>Félagsfærni</b>	Stig af Stigi, kennsluáætlun.  Taka upp SMT spjöldin og hengja þau upp í stofunni.	Auka félagsfærni og vináttu barna  Til að leggja inn samskiptareglur eins og	Deildstjóri og verkefnastjóri	Sep. 2023	April 2024	Skema og/eða mælikvarði sem stuðst er við samkv. kennslugögnum Stig af Stigi	Lærdómsríkt ferli. Sýningar



	<p>Lesað færnisögur og ræða þau vandamál sem þar koma upp.</p> <p>Færnisögur segja frá fyrir framan hópinn í samverustund</p>	<p>t.d. bíða eftir að röðin komi að sér, grípa ekki fram í þegar aðrir tala.</p> <p>Þarf að útbúa fleiri færnisögur fyrir 4-6 ára aldurinn.</p> <p>Tækifæri til að tala um hvað þau voru að gera/eru að fara að gera o.s.frv fyrir framan hópinn</p>				<p>Aukið þor og vilji til að segja frá daglegu lífi sínu fyrir utan leikskólann.</p>	
Hvatning og hrós	<p>Gefa hrós þegar börnin sína hvort öðru vináttu eða hlýju</p>	<p>Setja orð á það s.s. „mikið var fallett af þér að hjálpa Gunnu að ná í vettlingana sína“.</p>	Deildarstjóri	Sept.2023	Vor 2024	<p>Upplifun starfsfólks af jákvæðum samskiptum við börnin</p>	<p>Ánægð og sjálfsöryggi barnanna um eigið ágæti.</p>
Táknmál	<p>Halda áfram að gera ÍTM sýnilegt</p>	<p>Sjónrænt áreiti og fyrirmyndir starfsfólks að nota táknmál til samskipta</p>	Kennslustjóri ÍTM og deildastjóri	ágúst2023	júní 2024	<p>ÍTM notkun barna og starfsfólk og umræður á deildarfundum</p>	<p>Samskipti barna á ÍTM og þekking þeirra á táknum.</p>
Skólabyrjun	<p>Leggja inn stærðfræðihugtök</p>	<p>Sjónrænt áreiti og leikir sem æfa</p>	Deildastjóri	Nóv.'23	April' 23	<p>Þekking á stærðfræðihugtögum</p>	<p>Færni í að leika með fjölda og</p>





	stafainnlögn	færniþættin a  Leikir með stafi og hljóð				ökum og stöfum kannaður	stafi/hljó ð
--	--------------	---	--	--	--	----------------------------	-----------------

**Styrkleikar:** Innleiðing tákna á góðri leið. Sýnileiki tákna á skúffum, veggspjöldum á góðri leið.

**Tækifæri:**

- bæta sjónrænu hliðina s.s. að nafnspjöldin í vali sýni líka nafnatáknin. Einnig halda áfram að merkja skúffur með táknum s.s kubba, legó, perlur osfrv.
- Ætlum að taka fram SMT spjöldin til að ræða það við börnin í samveru.
- Ætlum að gera val þar sem boðið er upp á að spila borðspil þar sem samvinna og einbeiting eru þjálfuð.

### 3. Innra mat tákna stúlks

Í Sólborg er eitt stöðugildi tákna stúlks. Helstu verkefni stúlks eru að túlka:

- Fyrir börn í daglegu starfi, s.s. hópastarf, samverustundir, söngstundir og aðrar upptökur í sal
- Deildafundi og starfsmannviðtöl
- Foreldra- og námskrárvíðtöl
- Fréttir og upplýsingar á heimasíðu, foreldrabréf og skráningar er varða börnin, s.s. námsskrár
- Aðra tilfallandi fundi og samtöl milli foreldra og starfsfólks

**Endurmat 2022**

Veturinn 2022-23 starfaði tákna stúlkur aðallega á deild þar sem 16 börn dvelja og 5 starfsmenn starfa. Túlkaði hópastarf og samverustundir í daglegu starfi og önnur samskipti á deildinni. Starfsmenn deildarinnar notuðu tákna stúlku á deildafundum, í starfsþróunarviðtölum og öðrum tilfallandi samtölum við stjórnendur, starfsfólk og foreldra. Tákna stúlkur túlkaði einnig milli foreldra og starfsmanna í foreldravíðtölum, námsskrárvíðtölum og öðrum tilfallandi samtölum.

- Túlkur fundaði með tveimur túlkum frá Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra (SHH) þrisvar sinnum yfir veturinn til að ræða starfið í Sólborg og fá handleiðslu.
- Túlkur var í starfshóp með öðrum túlkum frá SHH og Hlíðaskóla sem fundaði fjórum sinnum yfir árið og ræddi túlkun fyrir börn.



- Túlkur frá Hlíðaskóla kom og fylgdist með Sólborgartúlki að störfum og gaf endurgjöf.
- Túlkur fór á Norræna táknmálstúlkaráðstefnu í Danmörku í Apríl ásamt fleiri íslenskum túlkum.
- Túlkur sótti þrjá fundi hjá HART, félagi háskólamenntaðra táknmálstúlka.
- Túlkur hélt fyrirlestur um túlkun fyrir börn í leikskóla fyrir túlkanema í Háskóla Íslands í mars og tók einnig á móti túlkanemum sem fylgdu túlki í ýmis verkefni í Sólborg frá september fram í maí.
- Túlkur fór í vinnustofu (e. workshop) um táknmálstúlkun á SHH í maí.

**Styrkleikar:** Mjög góð samvinna með samstarfsfólki og meiri samvinna með öðrum túlkum en áður, bæði í gegnum starfshópa og í gegnum HART.

**Tækifæri til umbóta:** Finna leiðir til að túlkur fái tíma og næði til að rýna í starf sitt og viðhalda og endurnýja þekkingu. Finna leiðir til að auka enn frekar samvinnu milli Hlíðaskóla og Sólborgar, þar sem þetta eru einu staðirnir þar sem táknmálstúlkar starfa við svipaðar aðstæður, þ.e. sem hústúlkar innan skóla þar sem túlkað er fyrir börn, starfsfólk og foreldra.

#### Ársmarkmið 2023-'24

Endurmenntun: Næsta skólaár mun túlkur Sólborgar vinna sína eigin athugun (sjálfsskoðun) á starfi túlks í leikskóla. Markmiðið er að rýna í starfið með tilliti til kenninga úr túlkafræðum og skrifa greinargerð um starf túlks í leikskóla. Þetta nýtist túlki sem endurmenntun.

Túlkur frá Hlíðaskóla kemur og fylgist með Sólborgartúlki í túlkun og gefur honum endurgjöf (feedback). Túlkur fer í Hlíðaskóla og fylgist með túlkum að störfum þar.

Matsþáttur	Tækifæri	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Mat	Viðmið
Samstarf við aðrar stofnanir	Tækifæri fyrir fagmenntaða táknmálstúlka sem starfa með börnum að ræða saman um starfið.	Samræðuhópur túlka frá Sólborg, Hlíðaskóla og SHH hittist 4 sinnum yfir skólaárið	Túlkur	Haut 2022	Vor 2023	Endurmat vor '23.	Vettvangur fyrir táknmálstúlka að hittast og ræða starf sitt.



Samstarf við Hlíðaskóla	Túlkur fái tækifæri að fylgjast með túlkun fyrir börn.	Fara í heimsóknir í Hlíðaskóla og fá táknaóstúlkana þáðan í Sólborg	Túlkur	Haus t 2022	Vor 2023	Endurm at vor '23.	Samvinna milli túlka sem starfa á skóla-og frístundasviði.
Endurmenntun túlks	Sjálfskoðun á starfi túlks í leikskóla	Rýna í starfið með tilliti til kenninga úr túlkafræðum	Túlkur	Haus t 2022	Vor 2023	Endurm at vor '23.	Greinargerð um starf túlks í leikskóla.

## 4. Innra mat sérkennslu

Sérkennslustjóri hefur yfirumsjón með námi barna með sérþarfir, gerð einstaklingsnámskráa og eftirfylgd þeirra. Sérkennslustjóri sinnir ráðgjöf til starfsmanna og heldur utan um samstarf við foreldra, utanaðkomandi sérfræðinga, um skipulagningu samráðs og reglulegra teymisfunda og situr deildarfundi eftir þörfum. Meginþættir sérkennslunnar líta að eftirfarandi þáttum:

- Kennsla heyrnarkertra, heyrnarlausra og CODA barna.
- Atferlisþjálfun barna með einhverfu.
- Snemmtæk íhlutun vegna barna með seinkaðan málþroska.
- Markviss skipulögð þjálfun barna með önnur þroskafrávik varðandi mál- og hreyfiþroska, hegðun og aðrar skilgreindar sérþarfir.
- Tengiliður varðandi samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna

Sólborg fer með ráðgjöf varðandi heyrnarskert börn í almennum leikskólum á landsvísu, sem sérkennslustjóri hefur sinnt. Ráðgjöfin fer fram á viðkomandi leikskóla barns á höfuðborgarsvæðinu og á TEAMS fyrir utan höfuðborgarsvæðið. Á skólaárinu 2022-2023 var veitt ráðgjöf til 10 leikskóla, þar af voru 8 skólar á höfuðborgarsvæðinu og 2 á landsbyggðinni.

Samstarf við sérfræðinga utan leikskólans er alltaf mikið. Þeir sérfræðingar sem við höfum starfað með og fengið ráðgjöf frá eru: Ráðgjafar á Æfingastöðinni, talmeinafræðingar á mismundandi stofum, Ráðgjafar- og greiningarstöð, Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarkertra. Heyrna- og talmeinafræðingar á Heyrnar og talmeinastöð, ráðgjafar Vesturmiðstöð og Sjónstöðinni.



Eins og áður er það okkar mat að þó um marga sérfræðinga sé að ræða þá hafi tekist vel að koma þeirra vinnu fyrir. Til þess að svo verði þarf útsjónarsemi og sveigjanleika, tileinka sér nýjar aðferðir og fylgja málum vel eftir í daglegu starfi.

### **Endurmat 2023**

Á síðasta ári voru 17 börn sem nutu sérkennslu í Sólborg. Barn sem nýtur stuðnings er fyrst og fremst barn í leikskólanum og stuðningur þess er ætlaður að styðja við barnið í barnahópnum og einstaklingslega, þannig að það geti tekið þátt og átt hlutdeild í leikskólastarfinu.

**Styrkleikar:** Okkar styrkleiki í Sólborg er skýr stefna leikskólans varðandi sérkennslu og nám barna með sérþarfir. Þverfaglegur starfsmannahópur er mjög mikilvægur í þessari vinnu og kemur sterkur inn.

**Tækifæri til umbóta:** Að starfsfólk sem sinnir sérkennslu deili reynslu, hugmyndum og verkefnum sín á milli og fái að vera í sérkennslu með hverju öðru inni á deild og/eða vinnustundum. Sérkennslustjóri stefnir að því að tengja starfsfólk meira saman og hvetja það til að fylgjast með sérkennslu hvert hjá öðru.



<p><b>Skipulagning sérkennslu 2022-2023</b></p> <p>Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar.</p> <p>Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?</p>	<p>Sérkennsla er alltaf skipulögð út frá hugmyndafræðinni Menntun án aðgreiningar og þarfir barnsins í forgrunni.</p> <p>Sérkennsla fer ýmist fram inná deild, í hópi barna eða einstaklingskennslu. Sérkennsla er skipulögð af sérkennslustjóra í samstarfi við deildastjóra og starfsfólk sérkennslu.</p> <p>Skráningar um þroskaframvindu hvers barns í Sólborg eru gerðar tvisvar á ári í þar til gert form sem deildastórar hafa umsjón með “Ég um mig“ og deilt er með foreldrum.</p> <p>Börn með skilgreindar sérþarfir og stuðningstíma eru með einstaklingsnámskrá með langtíma- og skammtímamarkið sem unnin er í samvinnu við foreldra. Hún er metin tvisvar sinnum á önn eða eftir þörfum. Notast er við lista með viðmiðum í endurmati á markmiðum. Merkt er með númerum, í reitnum sést hvað er að baki hvers númers. <b>Signý Þórðardóttir þýddi og staðlaði úr bókinni Designing Personalized Learning e. Ferguson ofl. Okt., 2010. Guðný Björk Þorvaldsdóttir kláraði þýðingu 2021.</b></p> <p>Í einstaklingsvinnu eru notuð eyðublöð þar sem viðfangsefni og endurmat tímans er skráð.</p> <p>Í atferlisþjálfun eru notuð þar til gerð skráningarblöð.</p> <p>Myndbandsupptökur eru einnig talsvert notaðar sem matstæki.</p>
--	---



<p><b>Hvaða matsgögn voru notuð?</b></p> <p>Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• AEPS</li> <li>• Smábarnalistinn</li> <li>• Íslenski þroskalistinn</li> <li>• Orðaskil</li> <li>• Táknasafn</li> <li>• EFI-2</li> <li>• HLJÓM-2</li> </ul> <p>Atferlislistar- Listi yfir þjálfunaráætlanir úr Bókinni</p> <p>Behavioral intervention for young children with autism- a manual for parents and professionals</p>
<p><b>Hvaða námsefni var notað?</b></p> <p>Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?</p>	<p>Sólborg á mikið safn námsgagna og bætt er í safnið eftir þörfum. Námsgögnin eru notuð eftir þörfum hverju sinni og sem hentar hverju barni fyrir sig.</p>

#### Umbótaáætlun sérkennslu 2023-2024

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Samráðsfundir ábyrgðarmanna einstaklingsáætlana	Deila og ræða saman um verkefni	Skipulagðir fundir einu sinni á önn.	Sérkennslu- stjórn	Haust Nóvember	Vor Mars	Spurningakönnun	Að fundirnir verði haldnir
Fara í vinnustund eða inn á deild hjá öðrum sem sinna sérkennslu		Einu sinni á önn	Sérkennslu- stjórn	Haust	Vor	Spurningakönnun	Samvinna á milli starfsfólks sem sinna sérkennslu



## 5. Innra mat – fjöltyngd börn

Þegar leikskólaganga barna hefst er mikilvægt að strax myndist góð tengsl á milli leikskóla og heimilis. Gagnkvæm virðing milli foreldra og leikskóla er grundvöllur þess að barninu líði vel og að það fái notið sín. Allir foreldrar eiga það sameiginlegt að vilja börnum sínum allt það besta.

Hafa ætti í huga að leikskólinn er stundum fyrsti og eini tengiliður fjölskyldunnar við íslenskt samfélag. Vönduð móttaka í Sólborg getur því skipt sköpum um nánustu framtíð fjölskyldunnar. Mismunandi er hversu margir nemendur af erlendum uppruna eru í Sólborg ár hvert og aðstæður því margbreytilegar. Tryggt skal að foreldrar barna fái ráðgjöf og aðgang að upplýsingum um Sólborg.

Læsisstefna Sólborgar er grunntónn í öllu daglegu starfi, allra barna í leikskólanum. Notaðir eru Hæfniramma í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla og orðaforðalistar til þess að fylgjast með framförum barnanna. Hugað er að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna.

### Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2023

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Fjármagninu sem úthlutað er til Sólborgar vegna fjöltyngdra barna er ráðstafað með kaupum á málörvunarefni s.s. kennsluefni, bókum, spilum og fyrirlesturum til starfsfólks.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt?  Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Orðaforði barnanna er markvisst dýpkaður með því að orð eru sett á athafnir barnanna, með lestir bóka og sögustundum, ásamt öðru sem samræmist læsisstefnu Sólborga.  Hugað er að málörvun barnanna í öllu daglegu starfi.  Starfsfólk leikskólans er meðvitað um hugmyndafræði „Gefðu 10“ og notar hana eftir þörfum.  Sjónrænt dagskipulag er mikið notað ásamt sjónrænu kennsluefni.



<p>Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt?</p> <p>Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?</p>	<p>Í öllum aðstæðum er unnið að því að auka og dýpka orðaforða hvort sem er einstaklingslega eða t.d. í leshópum, spilahópum, fer það eftir þörfum barna.</p>
<p>Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt?</p> <p>Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?</p>	<p>Fylgst er með framförum í íslensku með skráningum í:</p> <p>Ég um mig lista Sólborgar</p> <p>Orðaforðalista</p> <p>Hæfniramma í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla.</p>
<p>Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.</p>	<p>Deildarstjórar, starfsfólk og sérkennslustjóri fylgjast með framförum. Það er gripið inn í þegar þurfa þykir, með ýmsum aðferðum s.s. einstaklingsvinnu, í litlum hópum ofl.</p>

### Umbótaáætlun –fjöltyngi 2023-2024

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Tveir starfsmenn tengiliðir fjölmenningar	Fara á fundi/fyrirlesna þegar þeir bjóðast, hitta aðra tengiliði og fræðast	Deila upplýsingum með öllum starfsmannahópnum.  Fræðsla og fundir skráðir inn á sameing í tölvu, einnig útprentað og sett í aðgengilega möppu.	Sérkennslustjóri	Haut '23	Vor'23	Samræður og skráning	





## 6. Innra mat kennslustjóra íslenska táknmálsins

Íslenska táknmálið var samþykkt með lögum 27.maí árið 2011. Með því var lagaleg staða íslenskrar tungu og íslensks táknmáls tryggð í íslensku samfélagi. Íslenskt táknmál (ÍTM) er það tungumál sem heyrnarlausir (döff) á Íslandi nota til að eiga samskipti sín á milli og byggist það á táknum sem eru mynduð með hreyfingum handa, höfuðs og líkama, ásamt svipbrigðum, munn- og augnhreyfingum. Táknmál er skynjað í gegnum sjón. ÍTM er sérhæfing Leikskólans Sólborgar sem þýðir að hér er boðið upp á námsumhverfi fyrir börn sem tala íslenskt táknmál. Einnig eru hér starfsaðstæður fyrir döff kennara.

Í vor fengum við gesti frá Slóveníu og Litháen sem vinna að Erasmus verkefni í tengslum við WASLI, alheimssamtök táknmálstúlka. Þau voru öll döff og komu í leikskólann til að sjá hvernig við vinnum með blöndun, það er döff og heyrandi börn og starfsfólk í tvítyngdu umhverfi. Fannst þeim okkar vinna áhugaverð og vel unnin.

### Helstu verkefni kennslustjóra ÍTM

- Minna starfsmenn á að vera með hendur uppi, það er að nota ÍTM alls staðar
- Kennsla í ÍTM og döff menningu fyrir starfsfólk, börn og foreldra.
- Búa til kennsluefni fyrir börn á leikskólaaldri, starfsfólk og foreldra

### Endurmat skólaársins 2022 - 2023

Starfsfólk Sólborgar fékk táknmálskennslu á hverjum morgni frá kl. 8.30 – 9.00. Á námskeiðin mættu bæði deildarstarfsmenn og utan deilda starfsmenn. Vel var mætt í tímana og hátt í fimm starfsmenn á hverjum degi. Börnin í Sólborg fengu einnig táknmálskennslu þar sem þau lærðu grunnin í ÍTM, sungið var á ÍTM og sögur voru sagðar. Allt þetta fór fram í samverustundum með kennslustjóra ÍTM.

Foreldrar barnanna gátu óskað eftir aðgangi að samfélagsmiðlahópi, þar sem þau fengu „fjarkennslu“ sem byggðist á fróðleiksmolum um döff samfélag og menningu ásamt táknmálskennslu.

### Styrkleikar:

- Íslenskt táknmál er mun sýnilegra bæði inni á opnum svæðum skólans og á útisvæði
- Táknmálskennslan er vel sótt af starfsfólki
- Hafin er vinna við táknmálsverkefnabók fyrir börn á leikskólaaldri og er hún langt komin

### Tækifæri til umbóta:



- Fara meira inn á stofur til barnanna með táknmálsstundir
- Hengja upp fleiri myndir með táknum inn á stofur og í opin rými
- Kenna börnunum að tákna fleiri sönglög
- Auka enn frekar sýnileika Íslenska táknmálsins

### Umbótaáætlun 2023 – 2024

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>Sýnileiki ÍTM</b>	Fleiri hendur á loft og hengja upp fleiri myndir með táknum inn á stofur og í opin rými	Hvatning og fræðsla	Kennslu-Stjóri ÍTM	Haut	Vor	Endurmat 2x á ári	ÍTM sýnilegt í skólanum
<b>Táknmálskenning og þróun kennsluefnis</b>	Fara meira inn á stofur til barnanna með táknmálsstundir og vinna að táknmálsverkefni abók fyrir börn á leikskólaaldri	Auka táknmálskenningu og búa til kennsluefni	Kennslustjóri ÍTM	Haut	Vor	Endurmat 2x á ári	Allir tala táknmál. Kennsluefni

## 7. Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl fóru fram í apríl. Þar sem starfsmenn skólans hafa verið um 37-40 hafa deildarstjórar tekið starfsþróunarsamtöl við starfsmenn innan sinna deilda og leikskólastjóri tekið viðtöl við deildarstjóra og þá starfsmenn skólans sem starfa utan deilda. Leikskólastjóri taldi hins vegar nauðsynlegt að vegna fjarveru sinnar vegna veikindaleyfis á síðasta ári væri mikilvægt að hún næði að ræða við alla starfsmenn skólans í ár. Það var því mikil vinna að ræða við hvern og einn innan



starfsmannahópsins. Í starfsmannasamtölum var spurt út í hvernig vinnan hefði gengið í vetur, hvernig samvinna, samskipti og stjórnun væru innan deilda og stjórnun skólans. Rætt var um verkefni og vinnu viðkomandi starfsmanns, hvernig þau hefðu gengið og hvort viðkomandi vildi halda áfram með þau verkefni eða hefði óskir um önnur verkefni. Einnig var farið inn á símenntun fyrir næsta skólaár. Spurt var um starfsánægju og líðan hjá starfsmanni. Síðan var farið í að ræða hvernig viðkomandi sæi fyrir sér næsta vetur í starfi. Hvort hann væri með einhverjar óskir eða ábendingar sem hann vildi koma á framfæri.

Samtölin gengu einstaklega vel og var leikskólastjóri mjög sáttur við stöðuna á starfsmannahópnum eftir samtölin. Allir starfsmenn skólans óska eftir að halda áfram næsta skólaár og líður vel innan skólans og eru almennt sáttir.

Góður starfsandi ríkir í skólanum og starfsmannahópurinn hefur verið duglegur að hittast í vetur, t.d. eru gleðistundir fyrsta föstudag í hverjum mánuði, saumaklúbbur og gönguhópur. Leikskólastjóri hélt námskeið í kransagerð fyrir aðventuna fyrir starfsmenn skólans og voru margir fallegir kransar kláraðir það kvöld. Langflestir starfsmenn skólans fóru í Þjóðleikhúsið og sáu sýninguna Eyjan - þráin eftir því að brjóta niður múra, en sú sýning fór fram á tákmalí og íslensku samhliða.

Allt starfsfólk skólans sótti tákmalísnámskeið 1x í viku, bæði hjá kennslustjóra íslenska tákmalísins og döff starfsmanni, þar sem áhersla er lögð á að allir geti tjáð sig á tákmalí í skólanum. Mikil sérkennsla fer fram í Sólborg og sótti margt starfsfólk ráðstefnur og námskeið í þeim málaflokki. Leikskólinn hefur tekið í auknu mæli á móti börnum af erlendum uppruna og einnig flóttabörnum og hefur starfsfólk sótt sér fræðslu varðandi það. Einnig hefur starfsfólk sótt námskeið í málaflokkum sem er þeim hugleikinn og nýtist í starfi eins og t.d. Yoga með börnum. Einn starfsmaður er í kennaranámi og einn kennari í stjórnunarnámi.

#### **Sérkennslustjóri:**

- Ráðstefna í Svíþjóð í september
- Ráðstefna um kennslu barna á flótta í nóvember
- Grunnnámskeið fyrir tengiliði Farsældarlaga
- Námskeið fyrir tengiliði verkefnastjóra fjölmenningar
- Vorráðstefna Ráðgjafar- og Greiningarstöðvar

#### **Verkefnastjóri:**

- Meistaránám í Menningarstjórnun. Háskólinn á Bifröst.



## Táknmálstúlkur

- 2 daga ráðstefna í Danmörku 15-16 apríl. Þetta var norræn táknmálstúlka ráðstefna
- Vinnustofa um táknmálstúlkun á vegum SHH í maí.

## Starfsfólk Reynistofu:

- Námskeið - Kennsla barna og unglunga með flóttabakgrunn. 9. nóvember 2022
- Fyrirlestur – Stelpur á einhverfurófinu. 6. mars 2023
- AEPS, færnimiðað matskerfi – 16. og 17. nóvember 2022
- Childplay yoga, krakkajóga kennaranám á vegum jóga-setursins og Gurudass Kaur Kasia 24.-26. mars (22 tíma námskeið)

## Starfsfólk Furustofu:

- Vorráðstefna Ráðgjafar- og Greiningarstöðvar
- Réttindanámskeið í notkun Íslenska máhljóðamælisins

## Starfsfólk Víðistofu:

- Deaf Nation Expo - Minneapolis 8. október 2022 (ráðstefna um samfélag heyrnarlausra)
- Menntunarfræði MEd: Kennsluréttindi. Háskólinn á Akureyri

## Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri:

- Fyrirlestur um áfallasögu barna
- Kynning á Roger, hjálpartæki fyrir heyrnarskerta og heyrnarlausra
- Samráðsfundur um „betri borg fyrir börn“ varðandi lausnarteymin, farsældarlögin og hvernig verkefnið verður keyrt af stað inn í næsta starfsár.
- Námskeið í Vinnustund & launavinnslu
- Vinnustofa vegna innritunar í leikskóla

## Símenntunaráætlun 2023-2024

Á komandi skólaári verður unnið að þróunarverkefni þar sem áhersla verður lögð á aukna samvinnu kennara og nýtt skipulag í kringum frjálsa leikinn þar sem allur skólinn verður í boði innan valkerfis. Teymin sem munu starfa á komandi skólaári munu sækja sér fræðslu og efni til að dýpka



þekkingu og færni á viðkomandi málefni. Símenntunaráætlun miðar að þessum þáttum ásamt hefðbundum áherslum skólans varðandi íslenskt tákniál og sérkennslu.

Ráðgert er að skólinn fari í námsferð til Helsinki í Finnlandi á skólaárinu og verður lögð áhersla á að heimsækja skóla þar sem kennsla fer fram á tákniáli og skóla sem leggur áherslu á samvinnu, flæði og opinn efnivið.

## 8. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarf milli skólastiga er mikilvægt svo tryggja megi eðlilega samfellu í námi barnsins. Samstarf þetta felst í upplýsingamiðlun og gagnkvæmum heimsóknum barna og kennara á milli skóla. Hlíðaskóli er hverfisgrunnskóli Sólborgar og er samstarf leik- og grunnskóla með hefðbundnum hætti þ.e. elstu börnin fara í reglulegar heimsóknir í grunnskólann og frístundamiðstöðina. Börnum með sérþarfir er fylgt nánar eftir í grunnskólann.

### Endurmat á samstarfi við Hlíðaskóla

Samstarf við Hlíðaskóla gekk vel. Það var skipulagsfundur haustið 2022 og tekin sameiginleg ákvörðun um þrjár heimsóknir. Fyrsta heimsóknin var í janúar 2023 og önnur og þriðja heimsókn í mars 2023. Það er komin góð festa í heimsóknirnar þar sem skipulag og umgjörð er mjög góð. Börnin kynntust leik og starfi fyrsta bekkjar og fengu að skoða skólann. Það sem við teljum vanta í samstarfið er að grunnskólinn komi í eina heimsókn í leikskólann. Við teljum mikilvægt að börnin haldi tengingu við leikskólann sinn og að þau viti fyrir fram að þau eiga eftir að heimsækja leikskólann sinn aftur. Samfella í námi barna er mikilvæg og því er mikilvægt að bæði leikskólinn og grunnskólinn sýni samstarfsvilja og komi í heimsóknir til hvors annars.

Samstarf við Eldflaugina gekk einnig vel, heimsóknirnar eru tvær á vorönn. Í fyrri heimsókninni var kynning á starfinu innan dýra og leikið inni. Börnin skemmtu sér mjög vel og voru áhugasöm. Kynningin á starfinu sjálfu var heldur stutt og ónákvæm. Í seinni heimsókninni var farið út að leika.

Gera má ráð fyrir skipulagsfundum með Hlíðaskóla haustið 2023 þar sem heimsóknir skólaársins verða skipulagðar. Á þessum fundum koma saman fulltrúar leikskólanna í hverfinu ásamt umsjónarmönnum samstarfsins fyrir hönd grunnskólans.



## 9. Foreldrasamvinna

Forsenda þess að barninu líði vel í leikskólanum er að samstarf foreldra og starfsfólks sé gott. Gott samstarf byggir á gagnkvæmu trúnaðartrausti og upplýsingamiðlun. Í upphafi leikskólavaldar eru foreldrar beðnir um að fylla út upplýsingablað þar sem fram koma ýmsar hagnýtar upplýsingar um barnið. Aðlögunartími barnsins er mjög mikilvægur því þar er grunnur lagður að góðu samstarfi við foreldra. Gert er ráð fyrir því að foreldrar séu a.m.k. í þrjá daga í þátttökuaðlögun þar sem foreldrar og barn fá innsýn inn í starf leikskólans.

### Foreldraviðtöl

Öllum foreldrum er boðið í tvö foreldraviðtöl, annars vegar að hausti og hið síðara að vori. Allir foreldrar sem eru með börn í aðlögun koma í svokallað fyrsta viðtal þar sem ítarlega er farið yfir hagi og þarfir barnsins auk mikilvægra atriða sem foreldrar þurfa að vita varðandi leikskólann. Haustviðtalið er valfrjálst en mælt er til að foreldrar komi í viðtölin að vori þar sem skráningum um barnið í leikskólanum er deilt með foreldrum. Foreldrar barna með sérþarfir sitja slíka fundi oft, eftir því sem þurfa þykir. Allir foreldrar eiga rétt á túlkun og leikskólinn býður upp á táknmálastúlkun í viðtölum, á fyrirlestrum og kynningarfundum.

Foreldra- og fræðslumorgnar eru haldnir í Sólborg að hausti en markmið þeirra er að kynna foreldrum leikskólastarfið og treysta samstarf. Leikskólastjóri fer yfir sameiginleg markmið skólaársins og kennarar kynna áherslupætti hvernar stofu fyrir sig. Upplýsingar um daglega viðburði í leikskólanum og framkvæmd starfsáætlunar fá foreldrar í tölvupósti og í gegnum mynda og frásagna forritið Sway ásamt gagnvirkum samskiptum í lok dags við starfsfólk og stjórnendur leikskólans.

### Foreldrafélag

Foreldrafélag hefur starfað við leikskólann Sólborg frá opnun 1994. Það er félag allra foreldra í leikskólanum. Markmið félagsins er að efla tengsl foreldra og vera samstarfsvettvangur þeirra fyrir barnanna hag. Kosið er í stjórn foreldrafélagsins árlega en formaður félagsins er kosinn til tveggja ára í senn. Aðstoðarleikskólastjóri er tengiliður leikskólans við félagið. Að öðru leyti kemur leikskólinn ekki að rekstri félagsins, né ákvörðunum þess. Foreldrafélagið styður við starf leikskólans og er dagskráin iðulega nokkuð hefðbundin. Foreldrafélagið sinnir verkefnum foreldraráðs, í foreldrafélaginu eru 4 fulltrúar.

### Dagskrá foreldrafélags Sólborgar 2022 -2023

- Aðalfundur í September 2022



- Facebook hópur var stofnaður fyrir foreldrafélagið
- Fundur með foreldrafélaginu til að skipuleggja jólaföndur 07/12/22
- Jólaföndur desember 2022
- Fundur með foreldrafélaginu 15/02/23
- Panta útskriftargjöf fyrir elstu deildina (bækur: Gagn og Gaman)
- Fundur með aðstoðarleikskólastjóra um Sumarhátíð 11/04/23
- Grillhátíð foreldrafélags Guðmundarlundi 10/05/23
- Sumarhátíð: Foreldrafélag sér um veitingar, júní 2023

## 10. Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar skólaárið 2023-24:

8. ágúst - hálfur dagur, leikskólinn opnar kl. 12:30 eftir sumarleyfi.

21. ágúst – skipulagsdagur, sameiginlegur í hverfinu.

17. nóvember – hálfur dagur, leikskólinn lokar kl. 12.

2. janúar – skipulagsdagur, sameiginlegur í hverfinu.

29. febrúar – hálfur dagur, leikskólinn lokar kl. 12.

24. og 26. apríl – námsferð Sólborgar

9. júlí – hálfur dagur, leikskólinn lokar kl. 12, sumarleyfi.

## 11. Fylgigögn

### a. Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans Sólborg hefur yfirfarið innra mat stofa leikskólans og tekur undir markmið fyrir komandi starfsár sem og tillögur að umbótum. Foreldraráð leikskólans styður við þá hugmynd að tengja betur starfsemi Hlíðaskóla við starfsemina í Sólborg og sérstaklega heimsókn 1. bekk aftur í leikskólann sinn. Hringekja var vel heppnuð að mati Foreldraráðs og var einstaklega gaman fyrir foreldra að koma á kynningu á því starfi og sjá þverfaglega vinnu á milli deilda.

Einnig hefur foreldraráð yfirfarið áætlun Sólborgar um skipulagsdaga og sumarleyfi og gerir ekki athugasemdir við þá daga sem lagðir eru til.

Foreldraráð hlakkar til komandi starfsárs og þakkar starfsfólki leikskólans fyrir gott starf þennan vetur.



Foreldraráð leikskólans (Skólaárið 2022-2023).

Fyrir hönd Foreldraráðs

Elísabet Hrönn Fjóludóttir – foreldri barna á Reynisstofu og Birkistofu

Indriði Thoroddsen- foreldri barna á Reynisstofu og Birkistofu

F. h. leikskólans Sólborgar  
Guðrún Jóna Thorarensen Leikskólastjóri  
22. júní 2023





# Leikskóladagatal 2023 - 2024

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚÁR	FEBRÚÁR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ					
1 Þ	1 F	1 S	1 M	1 F	Fjölskyldukaffi	1 M	Nýársdagur	1 F	1 M	Annar í Páskum	1 M	Verkalyósdagurinn	1 L	1 M		
2 M	2 L	2 M	2 F	2 L		2 Þ	Starfsdagur	2 F	2 L		2 Þ		2 S	Sjómanna dagurinn	2 Þ	
3 F	3 S	3 Þ	3 F	3 S		3 M		3 L	3 S		3 M		3 F		3 M	
4 F	4 M	Teymisfundavika	4 M	4 L		4 F		4 S	4 M		4 F		4 L	Nýjir foreldrar	4 F	
5 L	5 Þ		5 F	5 S		5 Þ		5 M	Teymisfundavika	5 Þ	Foreldrakaffi - vöflur	5 F	5 S		5 M	
6 S	6 M		6 F	6 M	Teymisfundavika	6 M	6 L	Þrettándinn	6 Þ	Dagur leikskólans	6 M		6 L	Teymisfundavika	6 F	
7 M	Friðdagur verslunarmanna	7 F	7 L	7 Þ	7 F	7 S	7 S	Dagur tónlistarskólans	7 M	7 F	7 S	7 Þ	7 F	7 F	7 S	
8 Þ	1/2 starfsdagur e. h	8 F	Dagur læsis	8 S	Baráttudagur gegn einelti	8 F	8 M	8 F	8 M	8 F	8 M	8 M	8 L		8 M	
9 M	9 L	9 M	Foreldravíðtöl	9 F	9 L	9 Þ	9 F	9 L	9 Þ	9 F	9 L	9 Þ	9 F	Uppstigningardagur	9 S	
10 F	10 S	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 L	10 S	10 M	10 F	10 M	10 F	10 M	10 M	10 M	10 M	
11 F	11 M	11 M	11 L	11 M	11 F	11 S	Dagur íslenska táknmálsins	11 M	11 F	11 L	11 Þ	11 F	11 L	11 Þ	11 F	
12 L	12 Þ	12 F	12 S	12 Þ	12 F	12 M	Bolludagur	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 F	12 S	12 M	12 F	
13 S	13 M	13 F	13 M	13 M	Jólaball	13 L	13 Þ	Sprengidagur	13 M	13 L	13 M	13 M	13 F	30 ára afmæli Sólborgar	13 L	
14 M	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 S	14 S	Námskrár - víðtöl	14 M	14 F	Dagur stærðfræðinnar	14 S	14 Þ	14 F	14 F	14 S	
15 Þ	15 F	15 S	15 M	15 F	15 M	15 F	15 M	15 F	15 M	15 M	15 L	15 M	15 L	15 M	15 M	
16 M	16 L	Dagur íslenskrar náttúru	16 M	16 F	Dagur íslenskrar tungu	16 L	16 Þ	16 F	16 L	16 Þ	16 F	16 F	16 S	16 Þ	16 Þ	
17 F	17 S	17 Þ	17 F	17 F	1/2 starfsdagur e. h	17 S	17 M	17 L	17 S	17 M	17 M	17 F	17 M	17 F	17 M	
18 F	18 M	Foreldrakynning	18 M	18 L	18 M	18 F	18 F	18 S	Konudagur - upphaf Góu	18 M	18 F	18 L	18 Þ	18 F	18 F	
19 L	19 Þ	19 F	19 S	19 Þ	19 S	19 Þ	19 F	Böndadagur - upphaf Þorra	19 M	19 Þ	19 F	19 S	19 S	Hvítasunnudagur	19 M	
20 S	20 M	20 F	20 M	Dagur mannréttinda barna	20 M	20 L	20 Þ	20 M	20 L	20 M	20 L	20 M	20 F	Annar í Hvítasunnu	20 F	
21 M	Starfsdagur	21 F	21 L	21 Þ	21 F	21 S	21 M	21 M	21 F	21 S	21 S	21 Þ	Foreldravíðtöl	21 F	21 S	
22 Þ	22 F	22 S	22 M	22 F	22 M	22 M	22 F	22 F	22 M	22 M	22 M	22 M	22 M	22 L	22 M	
23 M	23 L	23 M	23 F	23 L	Þortáksmessa	23 Þ	23 F	23 F	23 L	23 Þ	23 F	23 S	23 S	23 S	23 Þ	
24 F	24 S	24 Þ	24 F	24 S	Aðfangadagur jóla	24 M	24 L	24 L	24 S	Pálmásunnudagur	24 M	Starfsdagur	24 F	24 M	24 M	
25 F	25 M	25 M	25 L	25 M	Jóladagur	25 F	25 S	25 S	25 M	25 F	25 S	Sumardagurinn fyrsti	25 L	25 Þ	25 F	
26 L	26 Þ	Evrópski tungumáladagurinn	26 F	26 S	Annar í jólum	26 F	Þorablót	26 M	26 Þ	26 Þ	26 F	Starfsdagur	26 S	26 M	Fæðingardagur forseta Íslands (GTHJ)	26 F
27 S	27 M	27 F	27 M	27 M	27 M	27 L	27 Þ	27 M	27 L	27 M	27 M	27 L	27 M	27 F	27 L	
28 M	28 F	28 L	Fyrsti vetrardagur	28 Þ	28 F	28 S	28 M	28 M	28 F	Skírdagur	28 S	28 Þ	28 F	28 F	28 S	
29 Þ	29 F	29 S	29 M	29 M	29 F	29 M	29 F	1/2 starfsdagur e. h	29 F	Föstudagurinn langi	29 M	29 M	29 L	29 L	29 M	
30 M	30 L	30 M	30 F	30 L	30 Þ	30 Þ	30 L	30 Þ	30 F	30 F	30 F	30 F	30 S	30 S	30 Þ	
31 F	31 Þ	31 Þ	31 Þ	31 S	Gamlársdagur	31 M	31 M	31 S	Páskadagur	31 F	31 F	31 F	31 F	31 F	31 M	